



FJÖLBREYTT OG FRAMSÆKIN LISTAHÁTÍÐ HEFST Í DAG

Listahátíð í Reykjavík hefst með krafti í dag með setningu í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, og opnunartónleikum malfsku poppstjarnanna **Amadou og Mariam** í Laugardalshöll. Erlendir listamenn streyma til landsins þessa dagana til að koma fram á þéttskipaðri dagskrá opunarhelgarinnar. Fjörlegir afrískir rytmar, klassískar stórstjörnur, leikhús, jazz, ljósmyndir og tónleikar í kirkjum er meðal þess sem í boði er.

Listahátíð var haldin fyrst sumarið 1970 og fagnar 40 ára afmæli sínu í ár. Frá upphafi hefur hátíðin verið í fararbroddi í íslensku menningarlífi, fært íslensku þjóðinni listamenn á heimsmælikvarða og veitt brautargengi nýjum straumum og hugmyndum á öllum sviðum lista í samstarfi við helstu menningarstofnanir landsins. Áhorfendur hafa flykkst á viðburði og eflaust eiga margir sína uppáhalds minningu frá Listahátíð. Miðaverði á hátíðina er haldið í lágmarki.

Sjáumst á Listahátíð!



Skoða dagskrá og kaupa miða: www.listahatid.is og www.midi.is



Gleðisprenghja í Höllinni í kvöld á opnunartónleikunum

Amadou & Mariam og hljómsveit þeirra opna hátíðina með stæl með gleðisprenghju í Höllinni í kvöld og Retro Stefson hitar upp fyrir herlegheitin. Mikið er lagt í umgjörð tónleikanna, meðal annars er notað eitt stærsta hljóðkerfi landsins og stórir skjáir verða við sviðið svo að



Drottning slagverksins ásamt spunasöngdívu á tvöfaldri jazzveislu í Óperunni

Framúrskarandi norrænir jazzistar verða á tvöföldum tónleikum í Óperunni á föstudagskvöld. **Marilyn Mazur** er gríðarlegur áhrifavaldur í jazz- og heimstónlist og lék lengi á slagverk með Miles Davis og Wayne Shorter. **Sidsel Endresen** hefur um



Norski píanósnillingurinn Leif Ove Andsnes á leið til landsins ásamt Christian og Tanja Tetzlaff

Hinn heimskunni norski píanóleikari Leif Ove Andsnes kemur til landsins í dag og kemur fram ásamt þýsku systkinunum Christian Tetzlaff

áhorfendur njóti alls sem gerist á sviðinu. Hópurinn kom til landsins í gær og kíktu hjónin í Kastljós Sjónumvarsins beint af flugvelliinum og tóku lagið í myndveri.

[Næla sér í miða á Amadou & Mariam í kvöld](#)

árábil veitt ferskum vindum inn í spunatónlist um allan heim. Með Marilyn leika **Nils Petter Molvær** á trompet og **Eivind Aarset** á gítar, en saxófónleikarinn **Hákon Kornstad** stígur á svið með Sidsel Endresen.

[Kaupa miða](#)

fiðluleikara og Tönju Tetzlaff sellóleikara í Háskólabíói á uppstigningardag, 13. maí kl. 20.00. Efnisskrá tónleikanna er að hluta til tileinkuð Robert Schumann, en í ár eru 200 ár liðin frá fæðingu hans. Á efnisskrá tónleikanna eru *Fantasiestücke* ópus 88 og *Píanótríó* nr. 3 í g moll ópus 110 eftir Robert Schumann, en auk verka Schumanns leika systkinin hvort í sínu lagi með *Andsnes*, *Ævintýramyndir fyrir selló og píanó* eftir tékkneska tónskáldið Leoš Janáček og *Sónatínu fyrir fiðlu og píanó* G dúr ópus 100 eftir Antonín Dvořák.

[Kaupa miða](#)



Listahátíð | Reykjavík / Reykjavík Arts Festival | Lækjargata 3b | Pósthólf 88 | 121 Reykjavík
Sími |+354) 561 2444 | Fax |+354) 562 2350 | www.listahatid.is | artfest@artfest.is

Ef þú sérð ekki póstinn smeltu [hér](#) - Smelltu [hér](#) til að skrá þig úr Klúbbi Listahátíðar